



## Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom 20. apríl 2021 kl. 19:30

**Mætt:** Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Baldvin Hansson (BH), Halldór Hauksson (HH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Einar Gunnlaugsson (EG), Árni Gunnlaugsson (ÁG),  
**Fjarverandi:** Fylkir Jónsson (FJ)

HRR ritaði fundargerð.

---

### 1. Keppnishald í sumar

AKÍS hvetur klúbbana til að halda keppnir sínar í sumar en sýnir því skilning ef klúbbur treystir sér ekki til að halda keppni út af sóttvörnum eða Covid19.

### 2. Sóttvarnareglur

Sóttvarnareglur AKÍS kynntar.

Félög þurfa að skipa sóttvarnar fulltrúa og senda nafn hans inn til AKÍS fyrir fyrstu keppni.

### 3. Skipun í regluráð

Tryggvi - 3 ár

Ingimundur - 2 ár

Aðalsteinn Símonarson - 1 ár

Samþykkt samhljóða.

### 4. Reglugerð um keppnishald

Reglugerðin hefur verið yfirfarin og rædd.

Reglugerðin samþykkt samhljóða.

### 5. Aldurstakmörk í rally

Formaður hafði sambandi við samgönguráðuneytið varðandi túlkun reglugerðar um aldurstakmörk barna. Í þeirri túlkun kom í ljós að lögreglan gefur síðasta leyfi fyrir undanþágu á aldri barna. Formaður lýsti áhyggjum af því að oft eru leyfi frá lögreglu að koma seint.

### 6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri.

- Stjórnin er búin að hittast tvisvar sinnum vegna þessa máls.

- Helga Katrín og Hanna Rún sjá um að boða umsækjendur í viðtal.



**Tryggingar:**

Tryggingar eru enn í ólagi. Stjórn felur formanni að fá tryggingarráðgjafa til að hjálpa sambandinu í þessum málum.

**Öryggisbúraúttekt**

-Ferlið er í vinnslu. Formaður er að finna mannskap í að taka út búr.

**Brautarúttekt**

-Samkvæmt spjalli á facebook kom Halldór með tillögu að keppnishaldarar vinni saman að brautarúttektum. Samþykkt er að formaður fari í þá vinnu að koma því ferli á.

**Námskeið**

-Haldin hafa verið þrjú námskeið og öll hafa fengið góða dóma. Öryggisfulltrúanámskeið verður haldið aftur 10. maí klukkan 19:30 til 22:00.

Næsti fundur 4. maí kl. 19:30.

**Fundi slitið kl. 20:47**